

Fræðsluáætlun Barna- og fjölskyldustofu 2024

Námskeið

Námskeið fyrir verðandi fósturforeldra

Námskeiðslýsing: Fósturforeldranámskeið er hluti af leyfisveitingaferli fósturforeldra. Námskeiðið er fyrir umsækjendur um að gerast fósturforeldrar sem hafa staðist almennar kröfur til fósturforeldra skv. 65. gr. a í barnaverndarlögum nr. 80/2002. Námskeiðið skiptist í tvær lotur.

Námskeið 1: 23.-24. febrúar (Lota 1) og 15.-16. mars(Lota 2)

Námskeið 2: 5.-6. apríl (Lota 1) og 26.-27. apríl (Lota 2)

Námskeiðin verða haldin í húsnæði Barna- og fjölskyldustofu að Borgartúni 21.

Leiðbeinendur eru: Linda Hrönn Ingadóttir og Bettý Ragnarsdóttir sálfræðingar hjá BOFS og Særún Ósk Böðvarsdóttir, þroskaþjálfari og fötlunarfræðingur hjá BOFS.

Fræðsluerindi

Samþætting farsældar og barnaverndarlaga

Lýsing: Breytingar sem hafa átt sér stað á vinnslu barnaverndarmála við gildistöku farsældarlaga. Áskoranir, hindranir og tækifæri. Einkum ætlað starfsfólki barnaverndarþjónustu og félagsþjónustu sem kemur að innleiðingu farsældar barna.

Dags. 21. mars 2024 kl. 11:00-12:00 og verður á Teams.

Leiðbeinendur: Guðrún Jónsdóttir félagsráðgjafi og Salka Sól Styrmissdóttir lögfræðingur, á gæðasviði BOFS.

Uppkomin fósturbörn: Afdrif og upplifun af fóstri og inngripi barnaverndaryfirvalda.

Lýsing: Fjallað verður um rannsókn sem gerð var nýlega að beiðni Mennta- og barnamálaráðuneytisins í samvinnu við Barna- og fjölskyldustofu. Tilgangur rannsóknarinnar var að kanna afdrif uppkominnna fósturbarna hér á landi. Rannsóknin var meginleg og niðurstöðurnar eru byggðar á svörum 71 fyrrum fósturbarna.

Dags. 30. apríl 2024 kl. 13:00-14:00 og verður á Teams

Leiðbeinandi: Freydís J. Freysteinsdóttir, prófessor í félagsráðgjafardeild Háskóla Íslands. Heiður Sævarsdóttir er einnig höfundur rannsóknarinnar.

Fræðsla um málefni barna á flóttu

Lýsing: Fjallað verður almennt um kerfið í kringum flóttafólk, málsmeðferð, leyfi til dvalar á landinu og helstu áskoranir.

Dags. 27. maí 2024 kl. 11:00-12:00 og verður á Teams

Leiðbeinendur: Jódís Bjarnadóttir félagsráðgjafi og Þorbjörg Helga Þorgilsdóttir lögfræðingur, á gæðasviði BOFS.

Breytingar á barnaverndarlögum nr. 80/2002

Lýsing: Skipulag barnaverndarþjónustu og umdæmisráða í kjölfar breytinga á barnaverndarlögum ásamt hlutverki BOFS og GEV. Áskoranir, hindranir, tækifæri, hvað er óljóst við breytingarnar. Einkum ætlað starfsmönnum barnaverndarþjónustu.

Dags. Hausti 2024, dagsetning verður auglýst síðar og verður á Teams.

Leiðbeinendur: Sérfræðingar á gæðasviði BOFS

Fræðsla í KOF málum á milli barna.

Áætlað er að halda fræðsluna haustið 2024 og leiðbeinendur er ákveðið síðar.

Starfsdagur meðferðarsviðs

Starfsdagur meðferðarsviðs er ætlaður starfsfólki barnaverndarþjónustu og aðra sem vinna með áhættu hegðun og fjölþættan vanda barna.

Dagsetning og þema starfsdagsins verður auglýst síðar en áætlað er að halda daginn í september 2024.

Fræðslutorg BOFS

Hægt er að nálgast rafræna fræðslu og kynningar um málefni barna og fjölskyldna á [fræðslutorgi BOFS](https://bofs.is) sem er að finna á heimasíða Barna- og fjölskyldustofu: <https://bofs.is>.

BOFS skólinn

BOFS skólinn er á Teachable og býður upp á rafræn námskeið sem varða málefni barna og fjölskyldu.

- Námskeið fyrir verðandi fósturforeldra.
- Námskeið um kynferðisofbeldi og kynferðislega hegðun barna og unglinga og er ætlað þeim sem starfa með börnum og unglungum á aldrinum 2-18 ára.
- Grunnnámskeið fyrir starfsfólk barnaverndarþjónustu (kemur út í mars 2024)

Farsældarskólinn

Í Farsældarskólanum (<https://farsaeldarskolinn.teachable.com/>) er hægt að nálgast grunn- og framhaldsnámskeið sem ætluð eru tengiliðum farsældar. Þar geta tengiliðir nálgast fræðslu, stuðningsefni og gátlista til að styrkja sig í hlutverki sínu. Þrátt fyrir að námskeiðin séu ætluð tengiliða farsældar er öllum þeim sem vinna með börnum og fjölskyldum eða hafa áhuga á málefnum velkomið að fara í gegnum þau.

Vefur um þjónustu í þágu farsældar barna

Barna- og fjölskyldustofa hefur ásamt mennta- og barnamálaráðuneytinu gefið út vefinn farsaeldbarna.is sem er ætlaður almenningi og fagaðilum um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna. Á vefnum er að finna fjölbreytt kynningar og fræðsluefni um farsældarlögin og innleiðingu þeirra.

Erlendar ráðstefnur

BOFS er tengiliður að eftirfarandi ráðstefnum:

- ISPCAN ráðstefnan verður haldin í Uppsala, Svíþjóð dagana 18.-21. ágúst 2024.
- NBK, norræn barnaverndarráðstefna verður haldin í Osló, Noregi dagana 2.-4. september 2024.
- NFBO (Norræn samtök gegn illri meðferð á börnum) heldur ráðstefnu 25.-28. maí 2025 í Kaupmannahöfn, Danmörk.

Send verður út auglýsing um viðburðina þegar nær dregur og þar verður tilkynnt um skráningu.

Óskir um frekari fræðslu á vegum BOFS er hægt að senda á netfangið fraedsla@bofs.is

Áætlunin er birt með fyrirvara um breytingar